

See discussions, stats, and author profiles for this publication at: <https://www.researchgate.net/publication/365375594>

# Fornleifarannsóknir við Reykjanesbraut: Péturskot í landi Þorbjarnarstaða og útihús frá Litla Lambhaga

Technical Report · November 2022

CITATIONS

0

READS

32

2 authors, including:



**Stefán Ólafsson**

Institute of Archaeology, Iceland

27 PUBLICATIONS 9 CITATIONS

SEE PROFILE

---

# Fornleifarannsóknir við Reykjanesbraut: Péturskot í landi Þorbjarnarstaða og útihús frá Litla Lambhaga

---



Stefán Ólafsson  
Með viðauka eftir Hrönn Konráðsdóttur

---

FS878-21101  
Fornleifastofnun Íslands ses  
Reykjavík 2022



*Ljósmynd á forsiðu er samsett privíddarmynd sem tekin var með dróna. Horft yfir bæjarhúsin í Péturskoti að uppgrefti loknum. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson*

©2021

Fornleifastofnun Íslands ses  
Bræðraborgarstíg 9  
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): 202105-0010

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2021-22

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: GK-167:037, GK-167:035, hleðsla/fjánhús (GK-167:038), hleðsla/fjánhús (GK-167:041) og Steinbogi (GK-167:047) og Aukatúngarður (GK-167:011) og hesthús (GK167:012) sjá: Gylfi Helgason (2020). Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar (41), frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi II. FS820-20152. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

H1 og H2 sjá: Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1. Fyrirhugaðar rannsóknir á fornleifum vegna breikkunar Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni. Ódagsett og án númers. 2367-61 sjá: Atli Rúnarsson (2020). Reykjanesbraut. Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og breyttrar landnotkunar. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Unnið vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Innan framkvæmdarsvæðisins voru þrjú rannsóknarsvæði sem skiptust milli tveggja jarða, annars vegar Lambhaga og hinsvegar Þorbjarnarstaða. Innan Lambhaga var leitað að minjum útihúsa og túngirðinga en innan Þorbjarnarstaða var bæjarstæði Péturskots rannsakað ásamt útihúsum og heimatúni. Minjanna var leitað með könnunarskurðum og þær rannsakaðar með uppgreftir og yfirborðshreinsun til að skera úr um umfang þeirra og eðli.

Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Þær fornleifar sem rannsakaðar voru munu víkja fyrir framkvæmdum á svæðinu.

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): Reykjanesbraut, Straumur, Þorbjarnarstaðir, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla.

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis): A: 351442 / N: 396563

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar): 4. - 26. maí 2021

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 6

<b>Efnisyfirlit</b>	
Inngangur .....	8
Markmið og framkvæmd .....	8
Aðferðafræði .....	8
Gripir .....	9
Jarðvegssýni .....	9
Rannsókn minjastaða við Reykjanesbraut .....	10
Svæði I: norðan Reykjanesbrautar .....	10
Svæði 2: Sunnan Reykjanesbrautar, móts við vestari afleggjara að álveri .....	12
Hleðsla/fjárhús GK-167:038 .....	13
Hleðsla/fjárhús GK-167:041 .....	15
Steinbogi GK-167:047 .....	16
Hleðsla H1 .....	16
Aukatúngarður GK-167:011 .....	17
Hesthús GK-167:012 .....	17
Hleðsla H2 .....	18
Svæði 3: Péturskot GK-166:027 .....	18
Tún og túngarður GK-166:027_7 .....	18
Bæjartóft GK-166:027_1 .....	21
Tóft GK-166:027_3 .....	24
Tóft GK-166:027_6 .....	25
Samantekt um þá fundi sem komu í ljós við rannsóknina .....	28
Niðurstöður .....	34
Viðaukar: .....	41
Viðauki 1, ljósmyndaskrá: .....	42
Viðauki 2, flygildismyndaskrá .....	52
Viðauki 3, Einingaskrá .....	55
Viðauki 4, fundaskrá .....	56
Viðauki 5, sýnaskrá .....	66
Viðauki 6, skordýragreining eftir Hrönn Konráðsdóttur .....	67

## Útdráttur

Fyrirhugað er að tvöfalda Reykjanesbrautina frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni og munu þær framkvæmdir hafa mismikil áhrif á þær fornleifar sem eru í nágrenni núverandi vegar. Sem mótvægisáðgerðir við þessar framkvæmdir fór Minjastofnun Íslands fram á að gerðar yrðu rannsóknir á þeim minjum sem þyrftu að víkja vegna framkvæmdanna. Rannsóknirnar voru fjölbreyttar og voru rannsóknarsvæðin þrjú.

Minjarnar sem voru rannsakaðar, voru af margvíslegu tagi og má þar nefna grjóthlaðna brú, fjárhús með steiptan sökkul og kotbýlið Péturskot. Mun þetta hugsanlega vera í fyrsta skipti sem bæjarstæði, útihús ásamt heimatúni er rannsakað sem heild. Rannsóknin náði þannig til allra tófta býlisins, að undanskildum þeim sem þegar voru komnar undir Reykjanesbrautina og einnig var allt heimatúnið kannað með þrúfuskurðum. Minjastaðir voru skráðir með flygildismyndatöku fyrir og eftir vettvangsrannsóknir og þá var yfirborðslíkan gert af heimatúni Péturskots áður en vettvangsrannsókn hófst. Rannsóknaraðferðir fólust meðal annars í hreinsun á yfirborðsgróðri, könnunarskurðum og sýnatöku. Minjarnar reyndust vera frá seinni hluta 19. aldar og fram á miðja 20. öld.

## Lykilorð


Gullbringusýsla, Reykjanes, Þorbjarnarstaðir, Péturskot, Lambhagi, Straumur, Reykjanesbraut, fornleifar, fornleifarannsókn, könnunarskurðir, bæjarstæði, öskuhaugur, fjárhús, útihús, heimatún, brú, 19. - 20. öld.

## Abstract

Several archaeological surveyed archaeological sites are likely to be disturbed due to the planned widening of Reykjanesbraut from Krísuvíkurvegur to Hvassahraun. Minjastofnun Íslands therefore ordered for archaeological investigations, in three different locations, including the small farmstead of Péturskot, as well as other smaller sites in the area, including a small stone-built bridge and a sheep-shed with a concrete floor. This is possibly the only instance of an entire farmstead site such as this has been investigated in its entirety using archaeological methods. The work included detailed drone photography and the creation of topographical maps, the clearing of vegetation to facilitate a more thorough recording of the archaeology, trial trenching accompanied by the excavation of larger areas of the structural remains, as well as sampling. All the archaeology investigated dates to the late 19th - early 20th century.

## Keywords


Gullbringusýsla, Reykjanes, Þorbjarnarstaðir, Péturskot, Lambhagi, Straumur, Reykjanesbraut, archaeology, excavation, test trenches, farm, midden, sheep-shed, outhouses, homefield, bridge, 19. - 20. century.



Svæði III

M







## Inngangur

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni og vann Fornleifastofnun Íslands að fornleifaskráningu fyrir umrætt svæði árið 2020.<sup>1</sup> Í árslok 2020 úrskurðaði Minjastofnun Íslands um þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin taldi nauðsynlegar með tilliti til framkvæmda.<sup>2</sup> Þær rannsóknir sem Minjastofnun fór fram á fölust m.a. í að gerð væri grein fyrir fornleifum og þær merktar á meðan á framkvæmdum stæði, að tekið yrði þéttriðið net drónamynda og þrívíddarlíkan gert af Péturskoti (GK-166:027), að mosi og gróður væri hreinsaður af hleðslum og þær skráðar og síðast en ekki síst að grafnir yrðu könnunarskurðir í minjar sem og í önnur svæði, í og við tún, til að kanna hvort þar leyndust áður óþekktar mannvistarleifar.<sup>3</sup>

Vettvangsvinna fór fram í maímánuði 2021 og að henni komu Gylfi Björn Helgason, Hildur Gestsdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Stefán Ólafsson sem einnig var leyfishafi. Auk leyfishafa komu að úrvinnsluferlinu þær Hólmfríður Sveinsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. Greining gölfsýna var unnin af Hrönn Konráðsdóttur.

## Markmið og framkvæmd

Í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni fór Minjastofnun Íslands fram á rannsóknir á þremur svæðum. Svæði I var norðan við núverandi Reykjanesbraut, í kverkinni milli brautarinnar og fráreinar að álverinu. Svæði II var sunnan Reykjanesbrautar og beint suður af svæði I. Svæði III var einnig sunnan Reykjanesbrautar en vestan við svæði II (sjá yfirlitskort á bls. 6 - 7). Innan svæðis III var heimatún Péturskots í landi Þorbjarnarstaða.<sup>4</sup>

Þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun Íslands fór fram á vegna fyrirhugaðra framkvæmda og breyttri landnýtingu innan rannsóknarsvæðana fölust í eftirfarandi áðgerðum: að grafnir yrðu könnunarskurðir til að athuga hvort á svæðinu leyndust minjar undir sverði sem ekki sæjust á yfirborði, að þeir minjastaðir sem sáust á yfirborði, að húsatóftum undanskildum, yrðu hreinsaðar af yfirborðsgróðri, gengið úr skugga að þeir væru manngerðir og þeir mældir upp, að gert yrði þrívíddarlíkan af Péturskoti GK-166:027 að grafnir yrðu könnunarskurðir í húsatóftir Péturskots sem næðu út fyrir vegg og inn á gólf með því markmiði að athuga hvort hægt væri að komast að hlutverki þeirra og hvort eldri byggingafasar væru undir þeim.

Þeir könnunarskurðir sem grafir voru á svæðum þar sem ekki voru yfirborðsminjar voru vélgrafnir. Tilgangur þeirra var að kanna mannvist undir sverði. Í flestum tilfellum voru þeir grafnir niður á klöpp. Allar minjar sem í þeim fundust voru skráðar og ljósmyndaðar en að öðru leyti var látið duga að mæla þá upp og ljósmynda með dróna. Grjóthleðslur voru hreinsaðar með handverkfærum, mældar upp og ljósmyndaðar og þá voru grafnir könnunarskurðir í tóftir með handverkfærum, þær mældar upp og ljósmyndaðar.

## Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.<sup>5</sup> Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gróf, eða byggingahluta) á minjasvæði

1 Gylfi Helgason, 2020

2 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1.

3 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1

4 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 1

5 Lucas, Gavin, 2003

sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp í þessu verkefni við Reykjanesbraut. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit.

### **Gripir.**


Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.<sup>6</sup>

### **Jarðvegssýni**

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaganna sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

---

6 Lucas, Gavin, 2003



Mynd 2. Svæði I var norðan Reykjanesbrautar og vestan við álverið. Hér sést afstaða skurða 1 og 2 við Reykjanesbraut. Á loftmyndinni sést einnig lega ljósleiðara sem þveraði svæðið og er hún sýnd með blárríör. Skurðirnir voru vélgrafnir og var grafið niður á klöpp. Engin mannvist fannst í skurðunum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

## Rannsókn minjastaða við Reykjanesbraut

Í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni fór Minjastofnun Íslands fram á rannsóknir á þremur svæðum. Svæði I var norðan við núverandi Reykjanesbraut, í kverkinni milli brautarinnar og fráreinar að álverinu við Straumsvík. Svæði II var sunnan Reykjanesbrautar og beint suður af svæði I. Svæði III var einnig sunnan Reykjanesbrautar en vestan við svæði II (sjá mynd 2). Innan svæðis III var heimatún Péturskots í landi Þorbjarnarstaða. Hér verður fjallað um þær rannsóknir sem unnar voru á hverju svæði og þeim minjum lýst sem fundust innan þeirra. Samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar var grafið niður á fornleifar en ekki í gegnum þær.<sup>7</sup>

### Svæði I: Norðan Reykjanesbrautar

Svæði I var norðan Reykjanesbrautar og vestan við álverið. Það var þétt vestan við vestari veltengingu álversins við Reykjanesbrautina. Á þessu svæði voru fjárhús (GK-167:037) sem munu hafa verið nefnd Hjallatúnsfjárhús og tilheyrðu þau jörðinni Lambhaga. Austan við heimreið að Straumi var túnblettur sem var hluti af stærra túni og var það afgirt með túngarði (GK-167:035). Túngarðurinn er sýnilegur á um 10 m löngum kafla rétt norðan við Reykjanesbrautina en hverfur þar í Straumstjörn.<sup>8</sup> Túnbletturinn sem fjárhúsið er talið hafa staðið á er austan við þennan kafla gamla túngarðsins. Í fornleifaskráningarskýrslu er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

*„Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að það hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið*

7 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 8-9.

8 Gylfi Helgason, 2020, bls. 53 - 54



Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir skurði 1 og 2 norðan Reykjanesbrautar. Enga mannvist var að finna í hvorugum skurðinum sem grafnir voru niður á klöpp.


*undir Brunanum, en ekkert inni í túni,“ segir í örnefnaskrá. Hjallatún er fast neðan Reykjanesbrautar (brautin liggur í suðurjarðri túnsins) en vestan vegarins að álverinu. Hjallatúnsfjárhús var í suðurjaðri heimatúns Litla-Lambhaga, um 70 m sunnan við Litla-Lambhagabæ 004 og tæpum 20 m sunnan við kálgarð 022. Engin merki fjárhúss sjást lengur á þessum stað en á loftmynd af svæðinu frá 1960 sést áberandi 5,5 x 5,5 m stór dæld í suðurhluta túnsins og líklega hefur fjárhúsið staðið þar. Grasi vaxið hraunsvæði sem er rétt við afleggja að álverinu í Straumsvík. Engin ummerki um fjárhús sjást nú á yfirborði.“<sup>9</sup>*

Að kröfu Minjastofnunnar voru vélgrafnir tveir skurðir á svæði I til að ganga úr skugga um hvort leifar fjárhús GK-167:037 leyndust þar enn undir sverði.<sup>10</sup> Skurður 1 var tæplega 24 m að lengd, um 1 m á breidd og 10 - 70 cm að dýpt. Hann lá frá suðvestri til norðausturs. Skurður 2 var grafinn tæpum 7 m norðar en skurður 1. Hann var tæplega 32,5 m að lengd, um 1 m á breidd og 20 - 40 cm að dýpt. Hann hafði einnig svipaða stefnu og sá fyrri. Engar mannvistarleifar sáust í skurðunum. Í báðum tilfellum var grafið niður á klöpp (sjá mynd 3). Milli skurðanna lá grjótfylltur skurður sem í var ljósleiðarastrengur. Austurendi könnunarskurðar 2 þveraði þennan skurð en þess var þó gætt að grafa strenginn ekki fram né hrófla við honum. Út frá því raski sem orðið hefur á svæði I vegna vegalagningar og lagningar ljósleiðara og enn fremur þar sem mjög er grunnt niður á klöpp, verður það að teljast mjög ósennilegt að fornleifar leynist þar undir sverði.

9 Gylfi Helgason, 2020, bls. 55

10 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 1-2





Mynd 4. Loftmyndin sýnir afstöðu milli þeirra minjastaða sem rannsakaðir voru á svæði 2. Könnunarskurðirnir eru sýndir með rauðum lit, grjóthleðslur sem voru hreinsaðar með grænum lit. Á henni sést líka húsgrunnur sumarhúss sem sýndur er með gráum fláka sem tengist mögulega tilurð hleðslu H1 og sov táknað appelsínugula línan mögulegt náttúrulegt aðhald hjá hleðslu H2. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

## Svæði 2: Sunnan Reykjanesbrautar, móts við vestari afleggjara að álveri

Innan rannsóknarsvæðis II voru fimm grjóthleðslur; GK-167:038 (hleðsla / fjárhús), GK-167:041 (hleðsla / fjárhús), GK-167:047 (Steinbogi, brú), hleðsla H1 (óþekkt hlutverk) og hleðsla H2 (óþekkt hlutverk) sem Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að yrðu rannsakaðar með hreinsun yfirborðs, ljósmyndaðar og mældar upp<sup>11</sup> (sjá mynd 4). H1 og H2 voru minjastaðir sem skráðir voru af Minjastofnun Íslands.<sup>12</sup> Umræddir minjastaðir voru allir innan jarðarinnar Lambhaga (GK-167) og hafa tilheyrt svæðum sem nefnd hafa verið Hjallatún og Aukatún.<sup>13</sup> Grjóthleðslur GK-167:038 og GK-167:041 voru í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands taldar mögulegar leifar fjárhúsa er stóðu syðst á Hjallatúni.<sup>14</sup> Þessar sömu grjóthleðslur voru einnig álitnar vera leifar kálgarðs í fornleifaskráningu sem unnin var fyrir Byggðasafn Hafnarfjarðar.<sup>15</sup> Til að skera úr um eðli og umfang þessara fornminja fór Minjastofnun Íslands fram á að hleðslurnar yrðu hreinsaðar af öllum yfirborðsgróðri og þær mældar upp og enn fremur að grafnir yrðu þrjár könnunarskurðir til að athuga hvort með þeim mætti afla frekari upplýsinga um umræddar minjar.<sup>16</sup> Með þessum sömu könnunarskurðum átti einnig að gera tilraun til að staðsetja hesthús GK167:012 sem heimildir vitna um að hafa staðið innan svæðisins ásamt svonefndum Aukatúngarði, GK-167:011.

11 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 5-6

12 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 5-6

13 Ö-Þorbjarnarstaðir, bls. 4-5

14 Gylfi Helgason, 2020, bls. 55 og 57

15 Atli Rúnarsson, 2020, bls. 88

16 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 3-5



Mynd 5. Yfirlitsmyndin sýnir hluta að svæði 2 sem var sunnan Reykjanesbrautar. Á henni má sjá könnunarskurði 3, 4 og 5 sem grafnir voru á svæði 2.

### Hleðsla/fjánhús GK-167:038

Samkvæmt fornleifaskráningu var hleðsla GK-167:038 álitin líkleg til að vera leifar fjárhúsa sem heimildir lýsa að hafi staðið á þessum slóðum. Hleðslan sem fékk einingánúmerið [007] var hreinsuð og mæld og reyndist vera 13,7 m löng, 70 - 80 cm á hæð og 60 - 70 cm á breidd. Hún lá í ávölum boga frá norðri til suðvesturs. Tveir skurðir (4 og 5) voru grafnir norðvestan megin við hleðsluna og voru þeir látnir liggja frá norðaustri til suðvesturs. Sá suðaustari

(skurður 4) var tæplega 14 m langur og um 1 m á breidd en sá norðvestari (skurður 5) var ríflega 36,5 m að lengd og um 1 m á breidd. Þeir voru 10 - 50 cm á dýpt og voru grafnir niður á klöpp á þeim stöðum þar sem engin sýnileg mannvist fannst (sjá mynd




5). Norðaustarlega í báðum skurðunum komu í ljós steypuleifar veggja [003] og [005] (sjá mynd 6) sem út frá

stefnu og útliti mátti ætla að tilheyrðu sama mannvirki. Veggbrotin voru 20 - 25 cm á þykkt og 25 - 30 cm á hæð og lá stefna þeirra til vest-norðvestur og aust-suðaustur. Í steypunni sást

Mynd 6. Í skurði 4 sem er vinstra megin á myndinni og skurði 5 sem er hægra megin komu í ljós veggjaleifar úr steypu sem höfðu sömu stefnu. Talið var mjög líklegt að þær tilheyrðu sama mannvirki og að um veggjaleifar útihúss væri að ræða.





Mynd 7. Loftmyndin hér að ofan er samsett úr tveimur loftmyndum, annari frá 2021 en hin er frá 1960. Þegar þessar tvær myndir eru felldar saman má sjá afstöðu þeirra mannvirkja sem stóðu 1960 í samanburði við þau mannvirki sem voru sýnileg þegar rannsóknin fór fram (Loftmyndir: Loftmyndir ehf og LMI).

lábarið grjót sem ætla má að hafi verið sótt í fjöruna. Það verður að teljast mjög líklegt að umrædd veggbrott séu leifar fjárhúsa sem heimildir geta um að hafi staðið á svæðinu og sem sjást á loftmynd frá 1960.<sup>17</sup> Hleðsla GK-167:038 lá alveg upp að veggbrotti [003] í skurði 4 og þar við norðausturenda hennar var mikið af grjótihruni og gripum sem benti til þess að þar hefði hleðslunni líklega verið rutt niður. Þá var nokkuð af litlum steypubrotum á víð og dreif í skurðum 4 og 5 og út frá þeim má hugsanlega gera ráð fyrir að húsunum hafi einnig verið rutt niður og yfirborð sléttað með gröfu eða sambærilegum vélbúnaði. Út frá afstöðu veggbrota [003] og [005] við grjóthleðslu GK-167:038 var álitid að grunnur fjárhúsanna hefði legið til norðausturs undir Reykjanesbrautina. Grjóthleðsla GK-167:038 hafi þá hugsanlega verið hluti af aðhaldi sem hefur verið suðvestan við fjárhúsin og má sjá óljós merki þess á loftmynd frá




Mynd 8. hellulögð stétt [004] kom einnig í ljós í skurði 4. Upphaflegt umfang hennar er óþekkt.

1960 (sjá mynd 7).<sup>18</sup> Það er þó ekki hægt að útiloka að hún sé einnig leifar af svokölluðum Aukatúngarði (GK-167:011) sem fjallað verður betur um hér að neðan. Í skurði 4 kom einnig í ljós hellulögð stétt [004] suðvestan megin við veggbrót [003] og [005] sem áður hafa verið nefnd og var hún heil á tæplega 5 m löngum kafla (sjá mynd 8). Ummerki um hana sást ekki í skurði 5 og því er umfang hennar óþekkt en sé afstaða fjárhúsa og gerðis rétt metin hefur stéttin legið innan gerðisins og framan við húsin. Um 5,6 m suðvestan við steipt veggbrót [005] í skurði 5 kom lítil hleðsla [006] í ljós sem var mjög röskuð. Greinileg ummerki niðurgröfts sást vestan við hana sem gáfu til kynna að grafið verið fyrir henni. Hleðsla [006] var 35 cm á hæð og um 1 m á breidd. Mögulega var þetta grjótpúkk undan vegg en þó var það alls ekki víst. Á áðurnefndri loftmynd frá 1960 sést einhvers konar mannvirki á þessum stað en það verður ekki að fullu greint hvers eðlis það er.

### Hleðsla/fjárhús GK-167:041

Rúmlega 2,5 m sunnan við hleðslu GK-167:038 var önnur grjóthleðsla GK-167:041 ([032]). Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands var hún mögulega talin tengjast fjárhúsum sem stóðu á Hjallatúni<sup>19</sup> en í fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar var hún mögulega talin vera leifar matjurtagarðs (2376-61) ásamt hleðslu GK-167:038 sem fjallað var um hér að ofan.<sup>20</sup> Hleðsla GK-167:041 var yfirborðhreinsuð, mæld og ljósmynduð og reyndist hún vera 320 cm löng, 70-90 cm á hæð og 2-3 umför. Hún lá frá



Mynd 9. Grjóthleðsla GK-167:041 var hreinsuð og mæld. Eins og við átti um margar aðrar grjóthleðslur á svæðinu var ekki um eiginlega grjóthleðslu að ræða heldur hafði grjótinu einfaldlega verið hrugað upp.

18 LMI-Kort-A06-A-1099-qv

19 Gylfi Helgason, 2020, bls 57

20 Atli Rúnarsson, 2020, bls. 88



norðvestri til suðausturs og þar þess nokkur merki að hafa verið hrúgað upp. Það verður að teljast frekar ólíklegt að hún hafi verið leifar fjárhúsa eins og talið er í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands<sup>21</sup> því hún hafði verið hlaðin upp bratta brekku (sjá mynd 9). Ekki var hægt að greina nein tengsl milli grjóthleðslanna tveggja sem útilokar þó ekki að þær hafi gert það á einhverjum tímavarki. Skurðir 4 og 5 gefa vísbendingar um að svæðinu hafi verið töluvert rutt til þegar fjárhús sem stóðu á svæðinu voru sléttuð og munu aðrar grjóthleðslur hafa raskast töluvert við þær framkvæmdir einnig. Það verður þó að teljast líklegast að hleðsla 041 sé vörslugarður til auðvelda smölun fjár inn í gerði sem hefur verið sunnan fjárhúsanna og fjallað var um hér að ofan (sjá mynd 7).

### Steinbogi GK-167:047

Steinbogi GK-167:047 hefur verið grjóthlaðin brú milli tveggja klappa sem lá yfir þrönga laut þar sem gætir breytilegrar grunnvatnsstöðu (sjá mynd 11). Brúarhleðslan [001] var tæplega 6 m löng, um 320 cm á breidd og 30 - 60 cm á hæð. Um helmingur hennar var yfirborðs hreinsaður og mældur upp. Þegar búið var að hreinsa yfirborð brúarinnar reyndist það vera mjög ójafnt og því líklegt að í upphafi hafi verið tyrft yfir hleðsluna.



Mynd 10. Hér horft yfir Steinboga GK-167:047 til suðvesturs en um helmingur af grjóthleðslunni var hreinsaður.



Mynd 11. Hér sést hvernig vatn safnaðist að Steinboga eftir að búið var að hreinsa hleðsluna.

### Hleðsla H1

Vestan við Steinboga GK-167:047 og austan við steiptan húsgrunn 2367-63<sup>22</sup> var grjóthleðsla [002] sem nefnd var H1 í bréfi Minjastofnunar<sup>23</sup>. Hleðsla H1 [002] liggur frá klöpp sem er sunnan hennar og til norðurs þar sem hún hverfur undir vegöxl Reykjanesbrautar. Hún hefur að lágmarki verið um 410 cm að lengd og var þar af um 120 cm breiður kafli yfirborðs hreinsaður og mældur upp. Hleðsluhæð var um 70 cm og var um 16 - 17° halli á henni. Ekki var um eiginlega hleðslu að ræða heldur hafði grjótinu verið hrúgað upp. Nokkrar líkur eru á því að samhengi sé á milli þessara minja,



Mynd 12. Þegar búið var að hreinsa ofan af hleðslu H1 kom í ljós að ekki var um eiginlega grjóthleðslu að ræða heldur hafði grjótinu einfaldlega verið hrúgað upp. Ofan við grjóthrúguna var lítil grasflöt.

21 Gylfi Helgason, 2020, bls. 57

22 Atli Rúnarsson, 2020, bls. 90

23 Bréf Minjastofnunar Íslands, bréf nr. 1, bls. 5



Mynd 13. Yfirlitsmynd af hleðslu H2 eftir að búið var að hreinsa allan yfirborðsgróður af henni. Austur er upp á myndinni og liggur hleðslan frá austri til vesturs. Sunnan við hana voru ummerki eftir litla hleðslu og má vera að lautin hafi verið nýtt sem lítið aðhald.

þ.e.a.s. hleðslu H1 [002] og steypa húsgrunnus 2367-63. Steinsteypa platan hefur sennilega verið undan sumarhúsi og eru líkur til þess að hleðsla H1 [002] hafi verið hrúgað upp til að gera umhverfi og aðkomu að sumarhúsinu snyrtilegri.

### **Aukatúngarður GK-167:011**

Aukatún var samkvæmt heimildum lítið uppgrætt tún sem nýtt var frá Stóra-Lambhaga.<sup>24</sup> Aukatúngarður GK-167:011 mun hafa verið garðlag sem legið hefur að öllu leyti eða að hluta umhverfis þetta tún. Engin ummerki um garðinn sást á yfirborði við fornleifaskráningu<sup>25</sup> og til að kanna hvort leifar þessa túngarðs væru að finna undir sverði og til að kanna svæðið í heild fór Minjastofnun fram á að grafnir yrðu könnunarskurðir (skurðir 3 - 5) þvert yfir grasbala sem var innan rannsóknarsvæðisins.<sup>26</sup> Það fundust engar minjar sem beinlínis væri hægt að fullyrða að væru leifar Aukatúngarðs GK-167:011 en mögulegt er að þær grjóthleðslur sem þegar hafa verið nefndar þ.e. GK-167:038 eða GK-167:041 hafi hvoru tveggja getað verið leifar umrædds garðs (sjá mynd 6).

### **Hesthús GK-167:012**

Talið er að hesthús GK-167:012 hafi staðið við vegkant suðurhluta Reykjanesbrautar innan rannsóknarsvæðis II en öll yfirborðsummerki um húsið voru horfin þegar fornleifaskráningin var gerð.<sup>27</sup> Til að ganga úr skugga um það hvort leifar hesthússins væri enn að finna undir

24 Ö-Þorbjarnarstaðir, bls. 5

25 Gylfi Helgason, 2020, bls. 47

26 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls. 3

27 Gylfi Helgason, 2020, bls. 48



sverði fór Minjastofnun fram á að grafinn yrði skurður í námunda við vegkantinn. Þar var grafinn skurður 3 og var hann 10,2 m að lengd, um 1 m að breidd og lá svo til vestur-austur. Hann var 10-50 cm djúpur og var grafinn niður á klöpp. Ekki var hægt að greina neina mannvist í honum.

### Hleðsla H2

Samkvæmt tilmælum Minjastofnunar Íslands skyldi hreinsa upp grjóthleðslu sem nefnd var H2 í umsagnabréfi stofnunarinnar.<sup>28</sup> Hleðslan var í hraunbolla vestast á rannsóknarsvæði II og afmarkaði hann lítið svæði umhverfis hleðsluna (sjá mynd 13). Ekki var um eiginlega grjóthleðslu að ræða heldur hafði grjótinu verið hrúgað upp. Grjótið í hleðslu H2 var mjög sambærilegt því sem finna mátti í vegöxl Reykjanesbrautar sem gæti mögulega gefið til kynna ungan aldur hleðslunar. Hleðsla H2 var um 3 m á lengd, 1,7 m á breidd, snéri í austur-vestur og var um 65 cm á hæð. Grjóthrúgan var hlaðin upp að litlum kletti sem var austan við hana. Um 6 m sunnan við hana var önnur lítil hleðsla í þröngri hraunsprungu. Hún var 80 cm á lengd og snéri einnig vetur austur, um 78 cm á hæð og tvö umför. Milli þessara tveggja hleðsla er klettur og verður það að teljast mögulegt að saman hafi hleðslurnar ásamt klettinum verið hluti af einhvers konar aðhaldi eða gerði.

### Svæði 3: Péturskot GK-166:027

Rannsóknarsvæði III afmarkast af túngarði Péturskots GK-166:027 sem var þurrabúð er byggðist út úr landi Þorbjarnarstaða.<sup>29</sup> Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands var byrjað á að taka drónamyndir af Péturskoti sem nýta mætti til gera nákvæmt hæðalíkan af bæjarstæðinu og nærumhverfi þess áður en byrjað væri á öðrum fornleifarannsóknum þar á svæðinu (sjá mynd).<sup>30</sup> Umhverfis bæinn var lítið tún afgirt með grjóthlöðnu garðlagi GK-166:027\_7 og innan þess voru útihús og kálgarður (sjá mynd 8). Hluta túngarðs GK-166:027\_7 og mannvirkja innan hans hafði verið raskað við eldri veglagningu Reykjanesbrautar en fyrirhugaðar framkvæmdir munu fara yfir enn stærri hluta túnsins og þar með talið bæjarstæðið sjálft.<sup>31</sup> Í ljósi þessara framkvæmda hafði Minjastofnun Íslands farið fram á grafnir yrðu könnunarskurðir sem þveruðu allt túnið í þeim tilgangi að kanna hvort einhverjar minjar væru undir sverði sem ekki sæjust ummerki um á yfirborði. Skurðirnir urðu alls 17 og var alls staðar grafið niður á klöpp nema í þeim tilfellum þar sem vart var við þunnt mannvistarlag sem bar þess vitni að dreift hafði verið úr öskuhaug sem áburðarefni á túnið (sjá mynd). Engin mannvirki komu í ljós í þessum skurðum nema möguleg hleðsla í skurði 17.

### Tún og túngarður GK-166:027\_7

Grjóthlaðinn túngarður GK-166:027\_7 afmarkaði túnið umhverfis bæinn. Alls voru 17 könnunarskurðir vélgrafnir í túnið til að athuga hvort einhver mannvirki leyndust undir sverði sem ekki sæjust ummerki um á yfirborði. Túninu skiptir lágt klettabelti sem liggur frá vestri til austurs og frá miðju



Mynd 14. Grafinn var skurður í gegnum grjóthlaðinn túngarð GK-166:027\_7. Horft er eftir vesturhlíð túngarðsins til suðurs.

28 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls, 5

29 Ö-Þorbjarnarstaðir

30 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 2. Tillögur að breyttum áherslum í forrannsókn á bæjarstæði Péturskots (GK-166:027 1) skv. samtali Hildar Gestsdóttur (FSÍ) og Kristinn Magnússonar (MÍ) 25.3.2021.

31 Bréf Minjastofnunar Íslands nr. 1, bls, 7



*Mynd 15. Áður en uppgröftur hófst í Péturskoti vorn minjarnar skráðar ítarlega með drónamyndatöku. Myndirnar voru síðan settar saman með þríviddarhugbúnaði og þríviddarlikan búið til. Þríviddarmynd: Garðar Guðmundsson*

beltinu liggur hrauntunga til norðurs. Við enda tungunnar, nyrst, stóð bærinn. Í þeim hluta túnsins sem var sunnar og fyrir ofan klettabeltið á svokölluðum Fagravelli<sup>32</sup> voru grafnir fimm skurðir (skurðir 10 - 14) og voru þeir 7 - 47 m að lengd. Í þeim fannst engin mannvist. Norðan og neðan við klettabeltið, suðvestan við bæinn voru grafnir aðrir fimm skurðir (16 - 20) og voru þeir frá 15 - 28 m að lengd. Í þeim öllum fannst einhver vottur af mannvist en mjög mismikil og öll af sambærilegum toga. Þessi mannvist var þunnt mannvistarlag sem var tiltölulega neðarlega í skurðunum og í því voru gripir úr gleri, leirkeri og járn. Enn fremur fannst í því vottur af ösku, kolum og steinkolum svo og dýrabein þ.e. matarúrgangur. Sjö sambærilegir könnunarskurðir (nr. 21 - 27) voru svo að lokum grafnir austan við bæinn. Þeir voru einnig fyrir neðan og undir klettabeltinu sem áður hefur verið lýst. Í þeim fannst sambærilegt mannvistarlag og í skurðunum vestan bæjar og með sambærilegu gripasafni. Fastlega mé gera ráð fyrir því að þetta þunna mannvistarlag sé tilkomið vegna þess að dreift

32 Ö-Straumur (B), bls. 1






Mynd 16. Yfirlitsmynd sem sýnir umfang og dreifingu könnunarskurðanna sem grafnir voru í heimatúnið á Pétur-skoti. Alls voru 17 könnunarskurðir vélgrafnir í túnið til að athuga hvort einhver mannvist leyndust undir sverði sem ekki sæjst ummerki um á yfirborði. Mun þetta hugsanlega vera í fyrsta sinn á Íslandi sem heilt kotbýli er rannsakað þ.e.a.s. bæði tóftir og tún.

hefur verið úr öskuhaug yfir túnið til að auka gæði þess en ekki varð vart við neinn öskuhaug innan rannsóknarsvæðis III.

Tveir könnunarskurðir voru grafnir í gegnum túngarð GK-166:027\_7 sem hrúgað hafi verið upp með hraungrjóti. Hann var mjög óreglulegur og ástand hans misjafnt. Grjótið í honum var nokkuð misstórt en fjöldi umfara var frá einu og upp í þrjú (sjá sniðmyndir).



Mynd 17. Sniðteikningin sýnir suðursnið á vesturhlið túngarðs GK-166:027\_7

Mynd 18. Sniðteikningin sýnir vestursnið á suðurhlið túngarðs GK-166:027\_7




Mynd 19. Yfirlitsmynd sem sýnir bæjartóft GK-166:027\_1 og útilhúsatóft GK-166:027\_3 eftir uppgröft.

### Bæjartóft GK-166:027\_1


Ríflega þriðjungur af bæjartóft Péturskots (GK-166:027\_1) var hreinsuð fram. Tóftin var grjóthlaðinn húsgrunnur með kjallara og bíslagi og var heildarstærð hennar 7,6 x 6,8 m að stærð og snéri hún norðvestur og suðaustur (sjá mynd 19 og 20). Húsgrunnurinn [030] var 6,75 x 5 m að stærð og snéri norðaustur og suðvestur. Innan hans var niðurgrafinn og grjóthlaðinn kjallari ([018],[020],[029]) sem var 3,5 x 2,1 m að innanmáli og sneri eins og húsið. Utan á grjóthleðslum húsgrunnins og kjallarans mátti sjá leifar steypu sem greinilega hafði verið notuð sem steinlím. Ytra byrði húsgrunnins [030] var mishátt en það var hæst við vesturhornið þar sem hæð þess var um 70 cm. Annars staðar var ytra byrðið tiltölulega lágt eða svo til alveg við náttúrulegt yfirborð. Það verður því að teljast nokkuð líklegt að húsinu hafi verið valinn staður yfir hraungjótu til að hægt væri að hafa kjallara í húsinu. Stundum var grafið fyrir kjallara í húsum eftir að þau voru risin en þar sem gluggi [021] hefur verið á kjallaranum á norðausturgafli húsgrunnins má ætla að kjallarinn hafi verið samtíða húsbyggingunni. Gluggaopið hefur verið 44 cm að breidd en hæð þess er óljósari. Hún hefur þó ekki verið lægri en 37 cm. Í gluggaopinu voru steypuleifar og í þeim far eftir gluggakarm sem mun hafa verið 12,4 cm að breidd (sem gæti hafa verið 5" planki) og sýndu steypuleifarnar enn fremur að glugginn hefur verið utarlega í gluggaopinu. Steypuleifar voru einnig efst á húsgrunninum, suðaustan við gluggaopið. Í þeim mátti einnig finna far eftir timbrið sem þar var en það mun hafa verið sjálft fótstyckið. Farið gaf til kynna að heilviðurinn sem þar var hafi verið um 9 cm á breidd. Út frá því má sennilega gera ráð fyrir fótstyckið hafi verið smíðað úr 4 x 4" heilvið eins og þekkist frá byggingalagi smærri bygginga frá þessum tíma.<sup>33</sup> Um það bil helmingur kjallarans var hreinsaður fram. Efst í honum var grjóthrun [016] sem var auðvelt að fjarlægja með handafli en neðar var annað grjóthrunslag [026] sem í var mikið stórgrýti og var notuð vélgrafa til að fjarlægja það að hluta. Mjög litlar timburleifar

33 Jon Nordsteien & Magnús Skúlason 2007, bls. 35





Mynd 20. Á yfirlitsmyndinni hefur umfang þess hluta sem rannsakaður var af bæjartóft GK-166:027\_1 verið afmarkaður með grænni línu. Um það bil 1/3 húsgrunnsins var rannsakaður og tæplega helmingur kjallara sem var innan hans. Öll viðbyggingin suðaustan við húsgrunninn var grafin fram. Stétt úr hraunhellum hafði verið meðfram öllu húsinu nema suðausturhlið þess en þar hækkaði landið. Sérstök áhersla var lögð á að skrá hleðslugrjót í húsgrunninum sem leit út fyrir að vera á sínum upphaflega stað og þá var sérstaklega horft til þess hleðslugrjóts sem voru í hornum húsgrunnsins. Austurhornið var sennilega minnst skemmt og mátti þar enn sjá votta fyrir sementsleifum en það verður að teljast líklegt að sement hafi verið milli grjóthlaðins húsgrunnsins og timburhússins. Að loknum uppgeftri voru gerðar þverskurðarteikningar og sýna rauðulínurnar hvar mælt var fyrir þeim.




Mynd 21. Tóft GK-166:027\_1, horft til suðausturs. Grjóthlaðnir veggir kjallarans voru töluvert farnir að síga. Fremst á myndinni er hluti stéttar [019] sem lögð hafði verið snyrtilega umhverfis húsið og efst á myndinni glittir í tóft GK-166:027\_3

Mynd 22. Gluggaop [021] var á norðausturhlið kjallarans ([018],[020],[029]) og í því sáust greinileg ummerki eftir gluggakarm.

fundust í grunninum og því má sennilega gera ráð fyrir því að húsið hafi verið tekið af grunninum, annað hvort í hlutum eða í heild og það flutt annað. Ekki fundust neinar ljósmyndir af húsinu og því er ekki vitað hvernig það leit út. Í kjallaranum voru leifar skorsteins [017] sem hafði verið fódraður með reykþípu úr pottjárnri sem einnig fannst í kjallaranum (sjá mynd 23). Mesta þvermál reykþípunnar var 12,8 cm en minnsta 12,2 cm og var þykkt járnsins um 4 cm. Úr gólfi kjallarans var tekið sýni (2021-22-2) til skordýragreiningar ef vera mætti að



Mynd 23. Í kjallaranum fundust leifar steypst skorsteins [017] og einnig leifar reykþípu úr pottjárnri sem hann hafði verið fódraður með.



Mynd 24. Þversnið af bjæjartóft GK-166:027\_1

það gæti varpað ljósi á nýtingu hans. Eins og gefur að skilja þá fannst í sýninu töluvert af skordýrategundum sem fylgja híbýlum manna en þar var einnig að finna sterkar vísbendingar um hey, húsdýraskít og myglu<sup>34</sup> sem bendir sterklega til þess að í kjallaranum hafi verið geymd taða til húskyndingar. Niðurstöður bentu einnig til að í kjallaranum hafi verið geymd

34 Sjá viðauka nr. 6



matvæli<sup>35</sup> en kannski er ekki hægt að útiloka að um einhvers konar smit frá eldhúsi bæjarins hafi verið að ræða hafi það verið staðsett beint ofan við kjallarann.

Bíslag ([028][033]) eða viðbygging hafði verið hlaðin upp að suðausturlanghlið hússins (sjá mynd 25). Það var 2,7 x 2 m að innanmáli og snéri suðvestur og norðaustur. Alveg var grafið innan úr bíslaginu sem hafði grjóthlaðnar veggja undirstöður [033] og moldargólf [028]. Sýni var tekið úr gólfi bíslagsins (2021-22-1) og benda niðurstöður þess að í bíslaginu hafi verið töluvert um rotnandi góðurleifar, raka og myglu.<sup>36</sup> Út frá þessum niðurstöðum má fastlega gera ráð fyrir því að bíslagið hafi verið nýtt sem geymsla. Fyrir bíslaginu hafði verið grafið inni brekkuna sem var suðaustan við húsið og því hafði suðausturlanghlið bíslagsins ekkert ytrabyrði. Innra byrði bíslagsins var um 70cm á hæð.

Stétt [019] sem var tæplega 120 cm að breidd lá meðfram þremur hliðum húsgrunnsins. Sú hlið hennar sem lá framan við bíslagið og meðfram norðausturgafli húsgrunnsins var alveg hreinsuð fram en einungis hlutar af stétinni sem lá meðfram norðvesturlanghlið og suðvesturgafli. Var það gert til að athuga um umfang hennar. Hún var vel lögð misstórum en sléttum hraunhellum og hlýtur að hafa verið mikil bæjarprýði.

### Tóft GK-166:027\_3

Tóft GK-166:027\_3 var um 2,5 m suðaustan við bíslagið sem lýst var hér að ofan. Það var grafið alveg innan úr henni en efst var gróft yfirborðslag sem var blanda af grjóti og jarðvegi [013] og undir því grjóthrun [014] sem sennilega var út vesturvegg. Í því fannst rúðugler (sjá mynd 26), járnaglar og viðarleifar. Tóftin reyndist vera 2,5 x 1,8 m að innanmáli og snéri



Mynd 25. Horft til norðvesturs yfir viðbyggingu [033]. Innan hennar var moldargólf [028] og var tekið sýni (2021-22-1) úr í því. Lengst til hægri á myndinni, norðausta við bíslagið sést stéttin [019].




Mynd 26. Rúðugler (2021-22-31) sem fannst í tóft GK-166:027\_3 bendir til þess að á tóftinni hafi verið gluggi.

Mynd 26. Á gólfi [023] tóftar GK-166:027\_3 fundust brot af gólfdúk [015] 2021-22-32 og 2021-22-54, rauðleitum að lit.

35 Sjá viðauka nr. 6

36 Sjá viðauka nr. 6



Mynd 27. Þversniðsteikning af tóft GK-166:027\_3

norð-norðvestur og suð-suðaustur. Hún hafði verið hlaðin upp að klettavegg sem myndaði suðurgafli hennar. Austurveggurinn var grjóthlaðinn og var hann um 1,4 m á hæð en það leit helst út fyrir að grafið hafi verið fyrir vesturveggnum. Hann var um 1 m á hæð og hefur að öllum líkindum upphafleg haft grjóthlaðið innra byrðið sem var mikið til fallið þegar rannsóknin var gerð. Sökum þess hve vesturveggurinn var illa farinn, þ.e.a.s. allt hleðslugrjótið fallið, má gera ráð fyrir því, að gólfflöturinn í tóftinni hafi verið nokkuð þrengri en bilið á milli veggjanna segir til um eða um 1,3 m að breidd. Kolablandað moldargólf [023] var í tóftinni með brenndum beinum og viðarleifum. Í því fundust leirkersbrot (2021-22-36) en ofan á þessu gólflagi fannst ólífrænt efni sem minnti töluvert á dúk [015] (sjá mynd 26). Þetta virtist vera einhvers konar gólfefni sem náði frá suðurgafli um það bil 1 m fram á mitt gólf (sjá mynd 28). Helst virðist mega ætla að þarna hafi verið lagður gólfdukur og þá væntanlega í þeim tilgangi að gera endurbætur á rýminu. Sennilega hefur tóftin verið með þaki og á henni lítill gluggi og hún notuð sem einhvers konar geymsla.

### Tóft GK-166:027\_6

Tóft GK-166:027\_6 var sambyggð túngarði GK-166:027\_7 að utanverðu, um 37 m aust-suðaustan við bæjartóft GK-166:027\_1.



Mynd 28. Hér sást leifar ólífræns efnis [015] sem var að öllum líkindum línólíumdukur ofan á moldargólfi [023] í tóft GK-166:027\_3.





*Mynd 29. Yfirlitsmynd sem sýnir útihúsatóft GK-166:027\_6*

Innra byrði hennar var alveg grafið fram og þá var einnig tekinn skurður þvert á tóftina til að rannsaka vegg hennar. Gólflötur hennar reyndist vera 2,8 x 2 m að innanmáli og snéri suðvestur og norðaustur. Tóftin hefur verið inngráfin í lítinn hól og svo hefur innra byrðið




*Mynd 30. Þegar búið var að grafa innan úr útihúsatóft GK-166:027\_6 kom í ljós vel hlaðið hellulagt gólf [025].*




Mynd 31. Í tófti GK-166:027\_6 fundust járngripir 2021-22-59 og var skeifa þar á meðal. Á nöglunum voru viðarleifar og má ætla að þeir komi úr burðarverki hússins.

Mynd 32. Brot af rúðugleri 2021-22-75 fundust í útihúsatófti GK-166:027\_6 sem gæti bent til þess að á húsinu hafi verið gluggi. Á myndinni er einng þau leirkerskrot 2021-22-73 sem fundust við rannsóknina.

verið grjóthlaðið (sjá mynd 33). Norðvesturveggur var um 130 cm á hæð en suðausturveggur um 90 cm á hæð. Inngangur var á tóftinni suðaustan megin á norðausturgafli og var hann um 1 m á breidd og 83 cm á dýpt. Undir grófu hrunlagi [024] sem í var grjót, torf, naglar og timburleifar var hellulagt gólf [025]. Hrunlag [024] hefur sennilega að mestu komið úr þekjunni og svo suðvesturgaflinum sem greinilegt var að mikið hafði hrunið úr. Hellugólfíð [025] var frekar ójafnt en við innganginn mótaði fyrir þröskuldi, því þar virtist sem grjótið væri látið mynda lágan stall. Timburgrind mun hafa verið í tóftinni sem haldið hefur uppi þekju og út frá rúðugleri (2021-22-75 og 2021-22-98) sem fannst í tóftinn má ætla að lítill gluggi hafi verið á henni líka.




Mynd 33. Skemateikning sem sýnir veggjagerð Gk-166:027\_6. Ekki í skala



Mynd 34. Þversniðsteikning af tófti GK-166:027\_6

## Samantekt um þá fundi sem komu í ljós við rannsóknina

Við rannsóknina við Reykjanesbraut voru skráðir um 1113 fundir sem skráðir voru undir 107 fundarnúmerum. Undir þessum númerum eru bæði dýrabein, viður og gripir. Allir gripir sem fundust á vettvangi voru hirtir og þeir skráðir en við lok rannsóknar var sumum þeirra fargað. Varðveisla þeirra funda sem komu upp við rannsóknina var mjög mismunandi. Dýrabein voru í góðu ástandi og sömu sögu má einnig segja um gripir úr leir, gleri og steini. Málmur var tærður, ryðbrunninn og aflagaður. Rannsóknarsvæðin voru þrjú, engir gripir fundust á svæði 1 en um 94% fundanna tilheyrja svæði 3. Gavin Lucas sá um greiningu leirkera en þau geta gefið góða innsýn um aldur mannvistarleifanna á svæðinu.



Mynd 35. Súluritið sýnir heildarfjölda allra funda sem komu í ljós við rannsóknina.



## **Bein**

Dýrabeinin sem fundust við rannsókna (2021-22-003, 2021-22-007, 2021-22-021, 2021-22-037, 2021-22-039, 2021-22-041, 2021-22-044, 2021-22-045, 2021-22-049, 2021-22-058, 2021-22-062, 2021-22-068, 2021-22-083, 2021-22-085, 2021-22-093, 2021-22-094) voru ekki greind til tegundar. Sum þeirra fundust í efstu mannvistarlögunum og hafa hugsanlega lent þar eftir að búsetu lauk meðan hluti þeirra eru að öllum líkindum matarleifar. Flest dýrabeinin fundust á svæði 3 í bæjartóft GK-166:027\_1 (sjá mynd 35).

## **Gler**

Það gler sem fannst við rannsóknina skiptist í tvo flokka, rúðugler og ílát. Alls fundust 234 rúðubrot og voru þau skráð undir níu fundarnúmerum. Þau voru öll um 3mm á þykkt. Glerbrot úr ílátum voru 120 talsins og voru þau skráð undir 11 fundarnúmerum. Meirihluti þeirra var grænn eða glær og voru flöskubrot algengari en brot úr öðrum ílátum.

## **Leir**

Þeir gripir úr leir sem safnað var við rannsóknina skiptust í tvo flokka, byggingarefni (þrjú fundarnúmer) og ílát (12 fundarnúmer). Þau brot sem teljast til byggingarefnis voru alls 14 og þar af voru 12 múrsteinsbrot en tvö úr frárennslisröri. Þau leirkersbrot úr ílátum sem safnað var við rannsóknina voru 72 talsins. Þau voru greind af Gavin Lucas og þar á meðal var verksmiðjuhormáluð kanna úr hvítum jarðleir, slipware kanna, diskur með fljótandi bláu skrauti, tvær svampskreyttar undirskálar úr hvítleir, tvær geymslukrúkkur (ein hvítleir og ein steinleir), nokkur brot af matardiskum úr myndþrykktum hvítleir og stór hvítleirs (ironstone) diskur. Almenn má tímasetja leirkersbrotin til tímabilsins 1880-1920 sem passar fullkomlega við þær rituðu heimildir sem til eru um svæðið.

## **Járn og annar málmur**

Alls var 191 gripur úr járn eða öðrum málmum safnað saman undir 30 fundarnúmerum. Stærstur hluti þeirra fannst á svæði 3 eða 161 gripur og 30 gripir á svæði 2. Þetta voru ýmsir járngríp, meðal annars hlutar af reiðhjóli (2021-22-102), ýmar tegundir af nöglum (2021-22-26, 2021-22-64 og 2021-22-90), ýmsar tegundir af vír (2021-22-70), járnteinar (2021-22-12), járnplötur (2021-22-53), öngull (2021-22-09), hlutar af strompi (2021-22-20) og fleiri hlutum sem höfðu óskilgreint hlurverk.

## **Plast og gúmmí**


